

Dagskrá og tillögur stjórnar Hildu hf. fyrir aðalfund 2010

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi Hildu á árinu 2009
2. Endurskoðaður reikningur Hildu fyrir árið 2009 lagður fram til staðfestingar

Stjórn Hildu leggur til að framlagður endurskoðaður samstæðureikningur félagsins fyrir árið 2009 verði samþykktur.

3. Ákvörðun um meðferð taps á árinu 2009

Stjórn Hildu leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa fyrir starfsárið 2009 og að tap verði fært til lækkunar á eigin fé.

4. Tillögur um breytingar á samþykktum Hildu

Stjórn félagsins leggur til eftirfarandi breytingu á samþykktum félagsins, um heimild stjórnar til hækkunar hlutfjár félagsins:

Núverandi ákvæði 4. gr. samþykka félagsins falli niður og ný 4. gr. hljóði svo:

Hlutfé félagsins er kr. 95.553.323. Hver hlutur er að fjárhæð kr. 1,- eða margfeldi þeirrar fjárhæðar eins og hlutfjáreign hluthafa segir til um á hverjum tíma.

Stjórn félagsins hefur heimild til þess að hækka hlutfé í allt að kr. 119.500.000,- með áskrift nýrra hluta. Stjórn skal ákvarða útboðsgengi og greiðslukjör hinna nýju hluta og í hvaða áföngum heimildin verður nýtt. Hluthafar eiga forgangsrétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í félaginu í réttu hlutfalli við hlutfjáreign sína. Stjórn getur sett nánari reglur um sölu hlutanna. Heimild þessi gildir til aðalfundar 2011.

5. Kosning stjórnar

Í 16. gr. samþykka félagsins segir að þeir sem gefa kost á sér til setu í stjórn félagsins skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins eigi síðar en 5 virkum dögum fyrir upphaf hluthafafundar þar sem stjórnarkjör er á dagskrá.

Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal geta eftirfarandi upplýsinga:

1. nafn frambjóðanda
2. kennitala
3. heimilisfang
4. menntun
5. aðalstarf
6. önnur stjórnar- og trúnaðarstörf, þ.á.m. stjórnarseta í öðrum félögum
7. starfsferilságríp
8. beinir og óbeinir eignarhlutir í félaginu

9. kaup- eða söluréttarsamningar við félagið
10. hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu

Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

6. Kosning endurskoðunarfélags

Stjórn leggur til að KPMG hf. verði endurkjörið sem endurskoðunarfélag Hildu fyrir starfsárið 2010.

7. Ákvörðun um þóknun til stjórnar og endurskoðunarfélags

Stjórn Hildu leggur til að engin stjórnarlaun verði greidd vegna yfirstandandi starfsárs.

Stjórn félagsins leggur til að þóknun til endurskoðenda félagsins verði greidd samkvæmt framlögðum reikningi.

8. Önnur mál

* * *